

Ár 2013, þriðjudaginn 28. maí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Gunnar í Guðmundssyni, dómara í dómstól ÍSí að Eiðistorgi 17, Seltjarnarnesi.

Fyrir er tekið: Mál nr. 6/2013.

Lyfjaráð ÍSí

gegn

Javier Fernandez Valino

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dagsettri 22. apríl 2013 og móttækinni af skrifstofu ÍSí samdægurs.

Kærði er Javier Fernandez Valino kt. 281191-3309, til heimilis að Hagaseli 2, 109 Reykjavík, skráður félagsmaður í Dansfélagi Ragnars.

Kröfur kæranda:

Þess er krafist að kærði verði dæmdur til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá upphafi bráðabrigðabanns 16. apríl 2013 að telja.

Gunnar Guðmundsson í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu sama dag og kærán barst skrifstofu ÍSí. Var kærða gefið tækifæri að koma að sínum sjónarmiðum eða halda upp vörnum vegna kærunnar. Var þetta gert af hálfu starfsmanns Dómstóls ÍSí fyrst þann 26. apríl s.l. Sú áskorun var síðan ítrekuð þann 29. apríl s.l. og fylgt eftir með símtali þann 2. maí s.l. Kærði hefur ekki óskað eftir því að tjá sig frekar í málinu en þegar er fram komið í málsgögnum.

Í málinu hafa af hálfu kæranda verið lögð fram eftirtalin skjöl:

Nr. 1. Kæra dagsett 22.04. 2013.

Nr. 2. Afrit af skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ (og fylgigagna) til Lyfjaráðs ÍSÍ varðandi málið, dags. 18.04.2013.

Nr. 3. Afrit af lyfjæftirlitseyðublaði varðandi umrætt lyfjæftirlit.

Nr. 4. Afrit af niðurstöðum úr greiningu á A-sýni, frá Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð

Nr. 5. Afrit úr iðkendalista Danssambands Íslands

Nr. 6. Afrit af yfirlýsingum kærða um móttöku niðurstöðu úr greiningu á A-sýni með tveimur vottum.

Nr. 7 Undirskrift kærða að hann undirgengst bráðabirgðabann

Nr. 8 Aukaskýrsla frá lyfjæftirlitsaðila nr. 0036. Undirskrifað af Fanney Ásgeirsdóttur, Kára Gunnarssyni og Javier Fernandez Valino.

Nr. 9 Keppendalisti mars 10D þar sem Javier er skráður til keppni í DSI Open / latin ásamt dansfélaga

Nr. 10 Listi WADA yfir bönnuð efni og aðferðir, sem í gildi er innan ÍSÍ 2013

II.

Í kæru er málavöxtum lýst þannig

„Kærði er félagsmaður í Dansfélagi Ragnars. Þann 17. mars 2013 var kærði boðaður í lyfjæftirlit eftir Íslandsmót í dansi í Laugardalshöll. Gekkst kærði undir lyfjæftirlitið og lét í té þvagsýni (A- og B-sýni), sem sent var til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ þann 15. apríl 2013. Þær sýndu að í sýninu var að finna fíkniefnið **kannabis (THC)**, sem er í flokki S8 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). Styrkur **THC** í þvagsýninu var **260 ng/ml**. Viðmiðunarmörk efnisins eru 1 ng/ml.

Kærða var gerð grein fyrir niðurstöðum úr greiningu á A-sýni símléiðis þann 16. apríl 2013 og við skýrslutöku þann 16. apríl sl. Kærða var boðið að láta greina B-sýnið til staðfestingar niðurstöður A-sýnis. Kærði óskaði ekki eftir því að B-sýni sitt yrði greint.

Niðurstaðan koma kærða ekki á óvart við fyrstu tilkynningu enda hafði hann við framkvæmd lyfjæftirlitsins greint hreinskilningslega frá því að hann hafi átt við vandamál að stríða tengdum kannabisefnum en að hann væri að vinna í sínum málum og að hann hafi ekki reykt í minnst 2 vikur fyrir lyfjaprófið. Kærði segist vera að sækja ráðgjöf til SÁÁ vegna fíknar sinnar. Niðurstöður rannsóknar á sýni kærða gefa ótvírætt til kynna notkun á efninu, erfitt er að tímasetja notkunina en það magn sem greinist er ekki í lægri kantinum.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti.“

III.

Varðandi málsástæður er af hálfu kæranda er vísað til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit (gr. 2.1).

Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun. Varðandi refsingu kærða bendir kærandi á að samkvæmt gr. 10.2 auk gr. 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lámarki áminning og ekkert óhlutgengi en að hámarki tveggja ára óhlutgengi og á sú grein við í máli þessu. Með hliðsjón af dómaframkvæmd undanfarinna ára varðandi sambærileg brot þykir refsing kærða hæfileg 6 mánaða óhlutgengi.

Hvað lagarök varðar eru kröfur kæranda í máli þessu reistar á lögum ÍSÍ um lyfjamál en einkum er vísað til greinar 1.2.1. varðandi það til hverra lögin taka. Til greinar 4 sem mælir fyrir um að bannlisti WADA gildi um íþróttamenn innan ÍSÍ og greinar 2.1 varðandi tegundar brots. Þá vísar kærandi til greinar 10 varðandi viðurlög einkum greinar 10.2. og 10.4.

IV.

Eins og fram kemur í málsatvikalýsingu eru niðurstöður greiningar á A-sýni sem Lyfjaeftirlitsnefnd tók af kærða þær að í sýninu var að finna fíkniefnið **kannabis (THC)**, sem er í flokki S8 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). Styrkur **THC** í þvagsýninu var **260 ng/ml**. Viðmiðunarmörk efnisins eru 1 ng/ml.

Kærða hafa verið kynntar þessar niðurstöður og hefur hann hvorki óskað eftir B sýnatöku né gert athugasemdir við framkomna kæru þrátt fyrir að dómurinn hafi ítrekað leitað eftir því.

Eins og fram kemur í grein 2.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál telst fullnægjandi sönnun um brot á reglum um lyfjamisnotkun að bannað efni eða niðurbrotsefni þess eða aðrir lífvísar séu til staðar í A-sýni íþróttamanns og viðkomandi gerir ekki kröfu um B-sýni og B-sýnið er ekki greint.

Það er því óumdeilt í máli þessu að kærði gerðist með framangreindri háttsemi sinni í danskeppni þann 17. mars s.l. sekur um lyfjamisnotkun og braut þar með gegn ákvæðum laga ÍSÍ um lyfjamál.

Verður því að fallast á dómkröfur kærða í málinu að kærði verði dæmdur til 6 mánaða óhlytgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá upphafi bráðabrigðabanns 16. apríl 2013 að telja

Gunnar Guðmundsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans gagnvart kærða.

DÓMSORÐ

Kærði, Javier Fernandez Valino til heimilis að Hagaseli 2, 109 Reykjavík, er dæmdur til 6 mánaða óhlytgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 16. apríl 2013 að telja.

Gunnar Guðmundsson
Sign

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.